

Hvernig höldum við áfram eftir COVID-19 heimsfaraldurinn. Sjá nemendur við Lyfjafræðideild HÍ rafræna kennslu sem hluta af framtíðarnámsumhverfi sínu?

B.E. Benediktsdóttir, H. Helgadóttir

Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Reykjavík, Ísland

Inngangur: COVID-19 heimsfaraldurinn umbreytti því hvernig námsefni var kennt við Lyfjafræðideild HÍ eins og víðast hvar annarsstaðar. Heimsfaraldurinn varð til þess að allir fyrirlestrar og verkefnavinna/umræður fóru úr því að fara fram í kennslustofu yfir á rafrænt form með rafrænum lausnum á borð við Teams, Zoom og Canvas námsumsjónarkerfi. Leiðin fram á við eftir heimsfaraldurinn hefur nú mikið verið til umræðu hjá kennurum innan deildarinnar. Því var markmið þessarar könnunar að kanna viðhorf nemenda deildarinnar til umhverfis kennslu og þá sérstaklega hvaða leiðir þeir sjá að stuðli best að betri lærdómsumhverfi í framtíðinni.

Aðferðir: Könnun var send á alla skráða nemendur Lyfjafræðideildar með Google Forms. Þátttaka var valfrjáls og nafnlaus.

Niðurstöður og umræður: Svarhlutfallið var 25,8% (n=55). Meirihluti nemenda (96%) var að hluta eða öllu leiti sammála því að aðgangur að fyrirlestrum (upptökur eða streymi frá staðtímum) batnaði í heimsfaraldrinum í samanburði við fyrir heimsfaraldurinn.

Blanda af stað- og fjarkennslu var til staðar á tímum heimsfaraldursins og voru 69% nemenda sammála því að þrátt fyrir slíkt flækjustig sem af því skapaðist, þá hafi nemendur haft góða yfirsýn yfir nám sitt (gáfu 7 stig eða fleiri af 10 stigum, þar sem 10 var fullkomin yfirsýn).

Þegar nemendur voru spurðir út í hvaða kennsluform þeir myndu kjósa í áframhaldi í eðlilegu árferði, þá voru nærri 75% nemenda sem kusu blöndu af stað- og fjarkennslu þar sem fyrirlestrar væru rafrænir (eða fluttir á staðnum og teknir upp) og áhersla yrði á verkefnavinnu og umræður í staðtímum, sem væri þá í átt að vendikennslu. Einungis 9% nemenda kusu að hafa alla fyrirlestra og verkefnavinnu í staðtíma á meðan 14% nemenda vildu hafa alla kennslu rafræna.

Alls voru 87,3% svarenda sammála þeirri fullyrðingu að aðgengi þeirra að kennurum hafi batnað í faraldrinum (sem dæmi, svara betur tölvupósti eða öðrum fyrirspurnum nemenda). Það endurspeglaðist þó ekki í tengslamyndun milli kennara og nemenda þar sem 50,9% nemenda fannst þeir ekki hafa myndað betri tengsl við kennara en 34% var hvorki sammála né ósammála þeirri fullyrðingu. Þetta sýnir skýrt kosti þess að vera í beinum

samskiptum við nemenda í staðtímum upp á tengslamyndun og að kennsla sem fer alfarið fram með rafrænum leiðum valdi aftenginu á milli nemenda og kennara.

Ályktanir: Það er ljóst, frá sjónarhóli nemenda, að þeir sjá rafrænar lausnir sem mikilvægan hlut af framtíðarnámsumhverfi sínu við Lyfjafræðideild. Flestir nemendur sjá greinilega fyrir sér blöndu af staðtímum og fjarkennslu, þar sem megnið af fyrirlestrum og námsefni verði lagt fram rafrænt og svo unnið frekar með þá í staðtímum sem umræður og/eða verkefni. Það reynir því á kennara að útfæra vel þessa blöndu til að vel takist til, en það er greinilegt að heimsfaraldurinn hefur sýnt að rafrænar lausnir eru komnar til að vera í framtíðarnámsumhverfi við Lyfjafræðideild HÍ.